

- 89** Alla aðra raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar 30. júní gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, getur rafmagnsveitustjóri þó selt raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 20 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 20 króna gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. júní 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veðiðfélag Reykjadalssár í Borgarfirði.

1. Deildartunga	88 einingar.
2. Gróf	10 —
3. Sturlureykir	40 —
4. Skáney	38 —
5. Grímsstaðir	33 —
6. Reykholt	58 —
7. Breiðabólstaðir	78 —

8. Úlfsstaðir	33	einingar.
9. Hofstaðir	101	—
10. Uppsálar	58	—
11. Kollslækur	34	—
12. Giljar	26	—
13. Auðsstaðir	49	—
14. Búrfell	49	—
15. Rauðsgil	103	—
16. Steindórsstaðir	50	—
17. Vilmundarstaðir	95	—
18. Hægindi	34	—
19. Kópareykir	55	—
20. Kjalvararstaðir	57	—
21. Snældubeinsstaðir	32	—
22. Kleppjárnareykir	13	—
23. Hamrar	63	—
24. Stóri-Kroppur	119	—
25. Bær (Bæjarfljót báðum megin)	80	—
26. Klettur (að Bæjarfljóti)	104	—

Alls 1500 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri ákvæði um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 2. júlí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Kjósarhrepps.

91

5. júlí

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Kjósarhrepps. Heimili þess og varnarþing eru Reynivellir í Kjósarhreppi.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma, innan ramma laganna, að vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar á vatnasvæðinu og að leigja veiðisvæði til stangaveiða.

3. gr.

Félagið nær til veiðiréttar allra eftirtaldra jarða, sem land eiga að eða veiðirétt í Laxá, Bugðu og Meðalfellssvatni, ásamt lækjum, sem í það falla, en þær eru Neðri-Háls, Valdastaðir, Sogn, Reynivellir, Vindás, Hækingsdalur, Fremri-Háls, Ýrafell, Möðruvellir, Eyjar, Þorlaksstaðir, Hurðarbak, Káranes, Káraneskot, Laxárnes, Meðalfell, Flekkudalur, Grjóteyri og Sandur.